

**Ed.**

**352. Frumvarp til laga**

[115. mál]

um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. febr.)

1. gr.

Síðasti málsliður 4. gr. falli niður.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Lögreglustjóri í undæmi, þar sem aðili ætlar að reka iðju, veitir iðjuleyfi.

Lögreglustjóri annast um, að tilkynning um útgáfu leyfisbréfa verði birt í Lög-  
birtingablaði, þegar að útgáfu lokinni. Í tilkynningu skal greina nafn leyfishafa eða  
firma, heimilisfang, tegund iðju, hvar iðju megi reka samkvæmt leyfinu og hvenær  
það var útgefið.

Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra, ef:

1. Iðjan er líkleg til að valda einstökum mönnum, héraði eða ríkinu tjóni eða óhagræði að ráði.
2. Iðjan telst sérstaklega hættuleg mönnum, sem hana stunda.
3. Iðjunn er annars svo háttáð, að varhugavert þykir að leyfa hana, m. a. vegna þess að möguleikar til öflunar hráefnis teljist ónógir, framleiðslu- eða sölu-  
aðstæður ófullkomnar, eða telja megi stofnun og starfrækslu iðjufyrirtækisins  
þjóðhagslega óhagkvæma.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum 1. tölul. 1. málsg. 3. gr.  
og ákvæðum 4. gr., ef sérstaklega stendur á.

Engin ákvæði mega vera í samþykktum félags, sem brjóta í bága við íslensk lög.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Nú verður ágreiningur um, hvort aðili hafi fyrirgert iðjuleyfi sínu eða hvort  
starfsemi hans brjóti í bága við þá heimild, sem leyfið veitir honum, og er honum  
þá rétt að bera málið undir dómstóla.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr.  
18 31. maí 127, um iðju og iðnað, ásamt áður áorðnum breytingum, og gefa þau lög  
út svo breytt.